

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

3350-003-FUN-129-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

19.10.2023 / 10:00 – 11:50

NR. FUNDAR

129

VERKHEITI

129. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)

VERKKAUPI

START hópurinn

FUNDAREFNI

1. Breyting á skipun hópsins.
2. Staða skráningar
3. Kostnaður vegna skorts 2023-2026
4. Tillögur að nýjum skráningarreglum
5. Áætlun ársins 2024.
6. Önnur mál

FUNDARGERÐ

IJB / 23.10.2023

FUNDARBOÐARI

IJB

FUNDARSTAÐUR

EFLA/Teams

FUNDARMENN

Jón Skafti Gestsson (JSG)
Benedikt Einarsson (BE)
Egill Sigmundsson (ES)
Baldur Hólm (BH)
Gísli Þór Ólafsson (GÞÓ)
Þorsteinn Sigurjónsson (ÞS)
Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)
Kolbrún Reinhooldsdóttir (KR)
Guðmundur Sigfinnsson (GS)
Kjartan Sigurjónsson (KS)

Fjarfundur
Fjarfundur, að huta tímans
Fjarfundur, að hluta tímans
Fjarfundur
Fjarfundur

FYRIRTÆKI

Landsnet
Veitur
HS-Veitur
Norðurorka
RARIK
Orkustofnun
EFLA
EFLA
EFLA
Landsnet

FJARVERANDI

Ragnar Emilsson (RE)

FYRIRTÆKI

Orkubú Vestfjarða

DREIFING

START hópurinn

FYRIRTÆKI

FUNDARSKJÖL

3350-003-04-SKY-011-V01-Kostnaður vegna skorts fyrir árið 2021 - DRÖG.docx
3350-003-VEA-006-V01 Verkefnishandbók_START_24_drög.doc
3350-003-01-MIN-001-V0
Minnisblað_Breyting_skráningarreglna_Tillaga_20231012.docx

NÆSTI FUNDUR

23.05.2024 / 10:00

Fundur START hópsins var haldinn hjá EFLU og sem fjarfundur í Teams.

1. Breyting á skipun hópsins.

Þorsteinn Sigurjónsson tekur við af Rán Jónsdóttir sem fulltrúi Orkustofnunar og er hann boðinn velkominn í hópinn.

2. Staða skráningar

Farið var yfir stöðu skráningar truflanaskýrsla hjá veitunum.

RARIK (GPÓ): Hafa verið að færa skráningu yfir til stjórnstöðvar og verður skráning meira miðlægt en var áður dreift á rekstrarsvæðin. Það er búið að skrá um 760 skýrslur og verða þá væntanlega fleiri í ár en í fyrra, sem gæti að einhverju leyti skýrst af nýja verklaginu. Töluverð strengvæðing hefur verið í gangi hjá RARIK á árinu.

Veitur (BE): Færri truflanir eru í ár en á því síðasta. Tveir starfsmenn sjá um skráningu truflana en skiptist áður á allt að 6 starfsmenn, sem skýrist af vandræðum með skráningarkefið. Búið er að ákveða að fara yfir í nýtt skráningarkerfi og verður það tengt DMA lausn, svipað og hjá OV, HS-Veitum og Norðurorku.

LN (KS): Truflanir í ár er eins og í meðalári. Eru að skrá skýrslur í Landstjóra, eru að fara að taka í notkun nýtt kerfi, sem verður vefviðmót, á næsta ári. Heiti kerfisins er Dynkur og mun það einfalda ferlið við skráningu skýrsla.

Fulltrúar annarra veitna voru ekki komnir á fundinn.

3. Kostnaður vegna skorts

GS fór yfir skýrsluna „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2023, 2024, 2025 og 2026“.

Kostnaður vegna raforkuskorts sem urðu vegna fyrirvaralausra truflana í flutnings- og dreifikerfum var 1.781 M.kr. á árinu 2022 miðað við 945 M.kr. árið 2021.

Heildar endurskoðun á útreikningum kostnaðar hefur staði yfir undanfarin ár og lauk í fyrra. Eftir þessa vinnu er byggt á nýjum kostnaðarföllum út frá könnunum á meðal heimila, fyrirtækja í stóriðju og fyrirtækja/stofnana utan stóriðju (GS benti á þrjár rannsóknarskýrslur). Kostnaður hverrar einstakrar fyrirvaralausrar raforkuskerðingar er metinn út frá tímasetningu, lengd og staðsetningu truflunar.

Einnig voru sýndar myndir um kostnað eftir mánuðum, og þar kom fram að kostnaður vegna raforkuskorts var mestur í febrúar á árunum 2022 og 2020 en í mars árið 2021. Í febrúar 2022 var mestur kostnaður 21. febrúar rúmar 310 M.kr, einnig var töluverð kostnaður 25. febrúar, 22. febrúar og 7. febrúar. Í febrúar 2022 var mesti kostnaður á Höfuðborgarsvæðinu hjá verslun og þjónustu.

JSG óskar eftir að sjá útreikninga. Lýsti ánægju með aðferðafræðina og ferlið.

BE þetta lítur vel út og þörf vinna.

ÞS óskar eftir að fá glærukynningar. IJB mun senda þær til fundarmanna.

4. Tillögur að nýjum skráningarreglum

Fyrir fundinum lágu tillögur að breytingum á skráningarreglum. IJB fór yfir tillögurnar og voru þær samþykktar. EFLA mun uppfæra skjalið með breytingum á skráningareglum.

Tillögur:

1. Að halda áfram að aðgreina á milli truflunar og bilunar. Óbreytt.
2. Eðli (Viðvarandi, Gekk yfir og Viðhald eða breytingar): Ekki þörf að skrá þetta atriði.
3. Tegund (Skammhlaup, jarðhlaup, ... yfirálag og önnur): Væri valkvætt. Hér kom tillaga að bæta við „Óvalvís útleysing“ sem kæmi í stað fyrir „Ótímabær útleysing“.
4. Rof. (Handvirkt, Sjálfvirkt, Bræðivar, Árangurslaus endurlokun, Heppnuð endurlokun, Truflun án rofs): Væri valkvætt.
5. Bilun ((Upphafsbilun, Bilun á einingu, Afleidd bilun og Kerfisbilun): Óbreytt
6. Eining sem olli bilun: Mælt er með að velja einingu sem olli bilun. Það er væri valkvætt fyrir fyrirtæki að velja aðeins hópinn.
Umræða var um hvort það væri tvískráning á þessu atriði og „Tegund einingar“ og „meginflokk einingar“. IJB og KR skoða þetta atriði.
7. Undirliggjandi orsök truflunar: Sleppa skráningu á undirliggjandi orsök. Bæta við atriðum í frumorsök, fyrir mannlegt og tæknilegt sem er greint í undirliggjandi orsök

KS lagði til að hætta að skrá „Virkur viðgerðatími“, þar sem erfitt er að skrá réttan tíma. KR sagði að oftast gildir að virkur viðgerðatími er upphafstími og lokatími truflana. Í einhverjum tilvikum er hann styttri. Samþykkt að hafa skráningu óbreytta, að viðgerðatími taki mið af lengd truflunar, en það væri hægt að breyta tímanum ef þess þarf.

BH benti á orðalag í skráningareyðublaði, þar stendur „Skýrsla um bilun í flutnings og aðveitukerfi raforku“, þegar verið er að skrá viðhaldsskýrslu á ekki við að skrá „Skýrslu um bilun ...“. Í umræðu um þetta atriði kom fram að flest öll fyrirtækin væru hætt að nota eyðublöðin við skráningu skýrslna. Skýrara væri að í stað „bilun“ stæði „bilun eða viðhaldstilvik“ á eyðublaðinu. Þegar skýrsla er skráð er byrjað að velja á milli „Fyrirvaralaus truflun“, „Skipulögðu viðhaldi/breytingum“, „Fyrirvaralitlu viðhaldi“ og „Truflun í öðru kerfi“, skráningarhugbúnaður ætti að geta valið réttan texta eftir tegund truflunar. Þetta atriði verður tekið til skoðunar við uppfærslu á eyðublöðum.

5. Áætlun ársins 2024

IJB fór yfir verkefnastöðu ársins og verkefnisáætlun næsta árs. Gefinn er frestur til 13. Nóvember að koma með athugasemdir við verkefnahandbókina, ef engar athugasemdir berast telst hún samþykkt.

Lagt er til að næsti fundur verði hjá Landsneti í maí og með kynningu á nýju skráningarforriti.

6. Önnur mál

- a) JSG kom með athugasemd um að breyta orðalagi um skerðingar og skort. Núna gæti skerðing orðið vegna raforkuskorts en ekki truflana. Það væri tilefni að endurskoða orðalag eða skerpa á því. Einnig mætti athuga með heiti á skýrslunni.
- b) KR hvatti aðila að kynna skýrsluna um „Kostnað vegna skorts“ fyrir þeim sem gætu nýtt sér upplýsingar sem þar koma fram.

Fundi slitið.